



Reykjavík, 3. september 2019

Stuðningsyfirlýsing við bréfi jafnréttisnefndar Kennarasambands Íslands um að kynjafræði verði skyldufag í kennaranámi.

Landssamtök íslenskra stúdenta - LÍS telja að skyldug kynjafræði í kennaranámi sé mikilvægt skref til þess að tryggja framgang jafnréttismála í íslensku samfélagi. Í jafnréttisstefnu LÍS, samþykkt á landsþingi 2019, er kveðið á um að bjóða þurfi upp á fræðslu í kynjafræði, hinseginmálum og fötlunarmálum fyrir kennaranema sem stuðlar að víðsýni og aukinni yfirsýn yfir þarfir stúdenta. Einnig kemur fram í jafnréttisstefnu LÍS að leggja eigi áherslu á endurmenntun kennara svo þekking þeirra og hæfni haldist í takt við samfélagslega þróun og breytingar. LÍS telja því mikilvægt að lögð sé áhersla á jafnréttisfræðslu og kynjafræði í endurmenntun kennara. LÍS taka undir þau orð jafnréttisnefndar KÍ að enn er kynja- og jafnréttiskennslu hvergi nógu hátt gert undir höfði í íslensku menntakerfi.¹ Aukin kynja- og jafnréttisfræðsla innan háskólanna er nauðsynleg til að kennaranemar verði betur í stakk búnir til þess að undirbúa nemendur sína fyrir þær fjölbreyttu aðstæður sem þeir munu standi frammi fyrir.

LÍS hvetur rektora og stjórnendur háskólanna til að hlusta á jafnréttisnefnd KÍ og leita allra leiða til þess að bjóða upp á aukna fræðslu í jafnréttismálum í kennaranámi. Hnitmiðuð stefnumótun í háskólasamfélaginu, þá fyrst og fremst hjá stjórnvöldum, er grunnatriði þess að jafnrétti kynja sé þar náð.

F.h.Landssamtaka íslenskra stúdenta

SONJA BJÖRG JOHANNSD.

Forseti

¹ Jafnréttisnefnd Kennarasambands Íslands. 2019. *Kynjafræði frá leikskóla upp í háskóla*. Sótt 3. september 2019 af <http://ki.is/rss/5392-kynjafraed-i-verd-i-skyldufag-i-kennaranami>